

Miðvikudaginn 21.maí 1986.

Nr. 27/1985. **Almennar Tryggingar h/f**
 (Guðmundur Pétursson hrl.)
 gegn
Frímanni Sigurðssyni
 (Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Bifreiðar. Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. febrúar 1985. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og að honum verði tildæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi styður sýknukröfu sína m.a. þeim rökum, að stefndi hafi fyrirgert rétti til vátryggingarbóta með því að vanrækja að færa bifreið sína til lögmæltrar skoðunar samkvæmt umferðarlögum. Telur áfrýjandi það brot á eftirfarandi varúðarreglu í 12. gr. húftryggingarskilmálanna: „Vátryggðum og þeim, sem hafa ökutækið með höndum er skylt að gæta þess, að það sé í lögmæltu ástandi. Sérstaklega ber að sjá um að öryggistæki séu í lagi.“

Ekki liggur fyrir sérstök skýrsla bifreiðareftirlitsmanna eða annarra óvilhallra manna um ástand bifreiðar stefnda eftir vátryggingaratburðinn. Í málinu kemur ekkert fram um að öryggistæki bifreiðarinnar hafi verið í ólagi eða hún hafi að öðru leyti eigi verið í lögmæltu ástandi. Því er ósannað að stefndi hafi vanrækt að gæta varúðarreglu 12. gr. skilmálanna. Verður þess vegna eigi fallist á sýknukröfu á grundvelli 51. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.

Ekki er leitt í ljós að stefndi hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt 22. gr. laga nr. 20/1954, en þeirri málsástæðu var af hálfu áfrýjanda hreyft við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti án mótmæla af hálfu stefnda.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 35.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Almennar Tryggingar h/f, greiði stefnda, Frímanni Sigurðssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 35.000,00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. desember 1984.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 28. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Frímanni Sigurðssyni, nnr. 2501-3735, Borgarsandi 6, Hellu, Rangárvallasýslu gegn Almennum tryggingum hf., nnr. 0267-3363, Síðumúla 39, Reykjavík með stefnu birtri 5. apríl 1984.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 160.000,00 með 31% ársvöxtum frá 18. september 1982 til 31. október 1982 og þá með 37% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 20. september 1983 og með 32% ársvöxtum frá 21. september 1983 til 20. október 1983 og með 29,5% ársvöxtum frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983 og með 27% ársvöxtum frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983 og með 23% ársvöxtum frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984 og með 17,5% ársvöxtum frá 21. janúar 1984 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Málsatvik eru þau að hinn 18. september 1982 var stefnandi að koma frá Reyðarvatnsréttum, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu, og ók hann bifreið sinni D-61 vestur Gunnarsholtssveg (Rangárvallaveg efri). Var hann skammt kominn frá réttunum er bifreið hans lenti utan vegar og valt þar. Var stefnandi einn í bifreið sinni er óhappið varð.

Lögreglunni í Rangárvallasýslu var tilkynnt um umferðarslys þetta símleiðis frá Gunnarsholti um kl. 16:00 sama dag og fór hún þegar á vettvang.

Í skýrslu lögreglunnar segir svo m.a.: „Er við komum á staðinn var bifreiðin á hliðinni sunnan vegar um 1,5 km fyrir vestan nýju réttirnar. Henni hafði sýnilega verið ekið til vesturs og sennilega farið 1½ veltu. Ökumaður var horfinn af staðnum. Við bifreiðina var tóm flaska undan brennivíni sem sennilega hefur oltið útúr bifreiðinni, önnur tóm flaska undan léttu víni var í bifreiðinni.“

„Bifreiðin er mjög mikið skemmd eftir veltuna. Hún hafði ekki mætt til skoðunar á þessu ári og tókum við af henni skráningarnúmerin og verða þau send sýslumanni Dalasýslu.“

Síðar kom í ljós að stefnandi, sem var ökumaður og eigandi bifreiðarinnar D-61, hafði fengið far með bifreiðinni L-809 frá slysstað og heim til sín á Hellu áður en lögreglan kom á staðinn. Þeirri bifreið hafði lögreglan mætt á leið sinni á slysstað rétt ofan Suðurlandsvegur sunnan við rimlahlið sem er á veginum.

Bifreið stefnanda var tryggt ábyrgðar- og húftryggingu hjá stefnda, Almennum tryggingum hf.

Með tjonstilkynningu dagsettri 20. september 1982 tilkynnir stefnandi stefnda, Almennum tryggingum hf., um framangreint tjon á bifreiðinni D-61 og lýsir atvikum svo, að bifreiðin hafi lent utan vegar og oltið.

Í bréfi stefnda til stefnanda dagsettu 4. október 1982 varðandi tjon þetta segir svo: „Vegna upplýsinga er félagið hefur aflað telur það sér ekki fært að greiða yður bætur vegna ofangreinds kaskótjóns án undangenginnar lögreglurannsóknar. Ef þér hafið í huga að halda fast við bótakröfu yðar skorar félagið á yður að gefa nú þegar ítarlega skýrslu til lögregluyrvalda í Rangárvallasýslu.“

Tekin var skýrsla af stefnanda fyrir sakadómi Rangárvallasýslu hinn 7. október 1982 vegna rannsóknar málsins. Þar segir svo: „Mætti kveðst hafa keyrt kunningja sinn, Þorstein Þórarinsson, upp að Reyðarvatnsréttum sem var verið að vígja. Síðan fer mætti aftur af stað heim og á leiðinni lenti hann utarlega í kantinum og þar á steini með þeim afleiðingum að billinn endastakkst út af. Mætti kveðst víst hafa rotast en er hann rankaði við sér skreið hann út úr bílnum og eftir stutta stund hefði komið bill. Tók mætti sér far með honum heim en bílstjóri þess bíls og eigandi er Steinar Thorarensen, Helluvaði, og með honum í bifreiðinni var fyrrnefndur Þorsteinn sem býr að Æsufelli 6, Reykjavík. Fleiri voru ekki í bifreiðinni. Keyrðu þeir mætta heim en hann kveðst hafa verið vankaður eftir þetta og lagst fyrir í ca hálf tíma en síðan hringt í kunningja sinn, Karl Sigurðsson vörubílstjóra, Nestúni 3, Hellu, og beðið hann að sækja bílinn. Gerði hann það ásamt öðrum. Mætti kveður systur sína og frænku hafa verið heima er hann kom og hringdu þær í lækni og sögðu frá atburðinum og hvernig mætta liði en læk'nirinn taldi ekki ástæðu til að koma að svo stöddu. Við-

komandi læknir er Ísleifur á Hvolsvelli. Mætti kveður að félagar sínir hafi sagt sér að þeir hafi mætt lögreglu neðarlega á Gunnarsholtsveginum en ekki stöðvað hana því þeir hefðu ekki athugað til hvers hún var að fara. Mætti kveðst ekki hafa orðið var við lögregluna, hann hafi verið vankaður og ekki verið að fylgjast með umferðinni í kring. Mætti kveðst síðan ekkert frekar hafa heyrt frá lögreglunni þennan dag. Nánar aðspurður kveðst mætti telja að um almennan réttardag hafi verið að ræða. Mætti kveðst ekki hafa haft um hönd áfengi en fólk hefði komið inn í bílinn í réttunum sem var með áfengi. Mætti kveðst hafa verið við réttirnar í ca 1½ klukkustund. Mætti kveðst ekki geta sagt nákvæmlega fyrir um hve hratt hann hafi ekið umrætt sinn en heldur að hann hafi ekið á um 70 km hraða.“

Teknar voru skýrslur af vitnunum Þorsteini Þórarinssyni og Steinari Thorarensen hjá Rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 4. nóvember 1982. Framburður þeirra samrýmist frásögn stefnanda fyrir dómi. Bæði vitnin báru að stefnandi hafi ekki verið undir áhrifum áfengis og ekki neytt þess meðan hann var með þeim í bifreiðinni L-809.

Í bréfi stefnda til lögmanns stefnanda dagsettu 21. desember 1982 segir svo: „Félagið tilkynnir yður að það, fyrir sitt leyti, samþykkir að tjón það er varð á bifreiðinni D-61, sem er Range Rover ár. 1976, þann 18. september 1982 er hún valt á Gunnarsholtsvegi, Rangárvallasýslu, sé metið til viðgerðar á kr. 160.000,00. Um leið ítrekar félagið að það hafnar kröfu um bætur út á kaskótryggingu bifreiðarinnar vegna ofangreinds tjóns.“

Mál þetta hefur stefnandi höfðað til heimtu bóta á grundvelli kaskótryggingar bifreiðarinnar D-61.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því að hann hafi keypt auk lögboðinnar ábygðartryggingar kaskótryggingu fyrir bifreið sína D-61 og ekkert sé til staðar sem undanskilji stefnda ábyrgð vegna tjónsins.

Varðandi lagarök skírskotar stefnandi um bótaábyrgð til tryggingarskilmála vegna kaskótryggingarinnar.

Málsástæður og lagarök sín byggir stefndi á skilmálum fyrir kaskótryggingu. Í 3. gr. váttryggingarsamningsins sé fjallað um þau atriði sem váttryggingarverndin nái ekki til. Samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar hafi váttryggingafélagið undanskilið sig áhættu þegar váttryggingaratburðurinn verði rakinn til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis ökumannsins eða váttryggðs. Hér falli það saman, ökumaður og váttryggður sé sami maður. Því sé haldið fram, með tilvísan til þessa liðs, að engu öðru en stórkostlegu gáleysi verði um kennt að billinn fór út af á beinum, breiðum og góðum vegi. Orsakirnar til þessa stórkostlega gáleysis verði fyrst og fremst sökum þess að ökumaðurinn hafi verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki vegna

undanfarandi og samhangandi áfengisneyslu allt að slysstað. Um það fjalli 2. töluliður 3. greinar váttryggingarsamningsins sbr. 18. gr. laga nr. 20/1954.

3. töluliður 3. greinar fjalli um ábyrgðarleysi tryggingarfélagsins þegar ökumaður hafi ekki gilt ökuskríteini fyrir ökutækið. Hér liggja það fyrir að skoðunarvottorð bílsins hafi ekki verið í lagi. Þetta ákvæði sé sett inn í váttryggingarsamninginn sem varúðarregla og beri þannig stefnanda, samkvæmt 51. gr. laga nr. 20/1954, að færa sönnur á það að bifreiðin hafi verið í því ástandi að vanrækslu á viðhaldi hennar verði ekki um kennt, en einmitt um það atriði hafi skoðunarvottorðið átt að bera, sbr. 12. grein váttryggingarsamningsins. Í þessu sambandi megi einnig benda á 45. gr. sömu laga. Félagið hefði aldrei tekið á sig að tryggja kaskótryggingu bifreið, sem ekki sé sýnd til skoðunar, því að sjálfsögðu stóryki það áhættu félagsins þegar lögboðnar bílaskoðanir séu vanræktar.

Aðalatriðið sé þó í þessu máli að svo sterkar líkur hafi verið færðar fram fyrir því að ökumaðurinn hafi verið undir áhrifum áfengis að það stappi nærri fullri sönnun. Það helsta sem staðfesti þá skoðun sé eftirfarandi:

1. Upplýst sé og sannað að tvær vínflöskur hafi fundist á slysstað, þar af önnur undan brennivíni.

2. Upplýst sé að farþegi sá, sem stefnandi ók í réttirnar, hafi farið með sitt vín og ekki gefið stefnanda neitt af því. Hvaðan hafi þá komið þær vínflöskur sem í bílnum hafi fundist og hver hafi drukkið úr þeim?

3. Kunningi stefnanda taki hann upp í bíl sinn og keyri til Hellu. Þegar þeir mæti lögreglubílnum feli þeir sig meðan hann fer fram hjá.

4. Þegar stefnandi hafi ekki fundist á slysstað hafi lögreglan farið strax heim til hans. Þar hafi enginn maður svarað.

5. Upphringing systur hans til læknis sé grunsamleg. Hvers vegna hafi stefnandi ekki sjálfur talað við lækinn úr því ástæða var til að hafa samband við hann?

Tekið er fram af hálfu stefnda að fallist sé á að meta tjónið á kr. 160.000,00 en þar frá beri að draga sjálfsáhættu kr. 8.100,00 sbr. dskj. nr. 5.

Fyrir dóminn hafa komið og gefið skýrslu stefnandinn Frímánn Sigurðsson, vitnin Þorsteinn Ingibergur Þórarinsson, Steinar Thorarensen, Guðrún Marta Sigurðardóttir, Helga Hjaltadóttir, Karl Sigurðsson, svo og lögreglu-mennirnir Guðjón Einarsson og Valgeir Guðmundsson.

IV.

Sýknukröfu sína í málinu byggir stefndi fyrst og fremst á því, að stefnandi hafi verið undir áfengisáhrifum er hann ók bifreið sinni D-61 út af

Gunnarsholtssvegi í Rangárvallasýslu hinn 18. september 1982. Af þeim sökum sé það tjón, er á bifreið stefnanda varð, ekki bótaskyldt samkvæmt 2. tl. 3. gr. almennra skilmála fyrir kaskótryggingu um undanskildar áhættur.

Stefnandi hefur neitað því fyrir dómi að hafa verið undir áhrifum áfengis tiltekið sinn. Vitnin Þorsteinn Þórarinsson og Steinar Thorarensen hafa komið fyrir dóm og staðfest skýrslur þær sem af þeim voru teknar hjá lögreglu um málsatvik og báðir borið að stefnandi hafi ekki verið undir áfengisáhrifum. Vitnin Guðrún M. Sigurðardóttir, hálf systir stefnanda, og Helga Hjaltadóttir, frænka stefnanda, sem báðar voru staddar á heimili stefnanda er hann kom þangað eftir óhappið, hafa og báðar borið fyrir dómi, að stefnandi hafi ekki verið undir áhrifum áfengis. Hefur og ekkert vinti, af eigin raun, borið hið gagnstæða fyrir dómi.

Þegar virtir eru framburðir þeirra vitna, sem komið hafa fyrir dóminn svo og önnur gögn þessa máls, verður að telja, eins og málsatvik liggja fyrir, að ósannað sé að stefnandi hafi ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis tiltekið sinn, enda verður ekki talið að fyrri meint eða upplýst ölvunaraksturstillfelli stefnanda geti haft sönnunargildi í þessu máli. Krafa um sýknu á þessum grundvelli verður því ekki tekin til greina.

Stefndi hefur einnig byggt sýknukröfu sína á 1. og 3. tl. 3. gr. skilmálanna um undanskildar áhættur. Svo sem fyrr getur tekur 1. tl. til þess er váttryggingaratburðurinn verður rakinn til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis ökumanns eða váttryggðs.

Um atvik að útafakstri stefnanda er ekki við annað að styðjast en frásögn hans sjálfs sem ekki þykir gefa nægjanlegt tilefni til þess að undanskilja stefnda bótaábyrgð samkvæmt greindu ákvæði tryggingarskilmálanna. Sýknukrafa verður því heldur ekki á þeim grundvelli byggð.

Samkvæmt 3. tl. 3. gr. skilmálanna nær váttryggingarverndin ekki til tjóns þegar ökumaður hefur ekki gilt ökuskírteini fyrir ökutækið og/eða notkun þess. Er hér á því byggt af stefnda hálfu að bifreiðin hafi verið óskoðuð er váttryggingaratburðurinn varð.

Ekki liggur fyrir í máli þessu að orsakasamband sé milli þess, að vanrækt var að færa bifreiðina D-61 til aðalskoðunar árið 1982 og váttryggingaratburðarins og þykir ekki heldur unnt að taka sýknu til greina á þeim grundvelli.

Ómótmælt er að kaskótrygging bifreiðarinnar D-61 hjá stefnda samkvæmt dskj. nr. 5 hafi verið í gildi þá er váttryggingaratburðurinn átti sér stað. Samkvæmt 1. tl. 1. gr. kaskóskilmálanna nær sú váttrygging til þess tjóns, sem varð á bifreið stefnanda tiltekið sinn og ber því, samkvæmt framansögðu, að dæma stefnda til bótagreiðslu vegna þeirra skemmda sem á ökutækinu urðu.

Aðilar hafa orðið ásáttir um það, að tjón bifreiðarinnar D-61 sé metið á kr. 160.000,00. Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda þá fjárhæð að frádreginni umsamdri sjálfsáhættu kr. 8.100,00 eða kr. 151.900,00. Aðilar eru og sammála um það, að með hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga, beri að miða upphafstíma vaxta vegna tjónsins við 21. október 1982. Verður vaxtakrafa stefnanda og tekin til greina þannig breytt, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 35.000,00.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Almennar Tryggingar h/f, greiði stefnanda, Frímanni Sigurðssyni, kr. 151.900,00 með 31% ársvöxtum frá 21. október 1982 til 31. október 1982, með 37% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 20. september 1983, með 32% ársvöxtum frá 21. september 1983 til 20. október 1983, með 29,5% ársvöxtum frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983, með 23% ársvöxtum frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984 og með 17,5% ársvöxtum frá 21. janúar 1984 til greiðsludags og kr. 35.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
